


Mál: Vatnagarðar - (fsp) breyting á deiliskipulagi - Sægarðar 5

Lögð fram fyrirspurn Pure North Recycling, dags. 14. ágúst 2023, um breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða vegna lóðarinnar nr. 5 við Sægarða sem felst í að heimilt verði að reisa tjaldhýsi á lóð og nota sem kalt geymslurými, samkvæmt uppdr. Herchenbach, dags. 6. júlí 2023.



Skipulagsleg staða:

Lóðin er á skilgreindu svæði H4 Sundahöfn- Hafnir samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur. Fjölbreytt flutningahöfn með farmstöðvar, gámvelli, vörugeymslur og vörudreifingu. Einnig aðstaða fyrir skemmtiferðaskip. Starfsemi sem fellur undir skilgreiningu athafnasvæða sbr. skipulagsreglugerð er almennt heimil. Einnig má gera ráð fyrir starfsemi sem fellur undir iðnaðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð, en tilgreina þarf þá starfsemi sérstaklega í deiliskipulagi. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu smásöluverslunar á svæðinu.


Deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið með afmörkuðum lóðmörkum, byggingareit og skilmálum fyrir Sægarða 5. Heimilt er að byggja kæligeymslu ásamt tengdri starfsemi á lóðinni og að nýtingahlutfall lóða skal ekki vera hærra en 0.5.

Mælibleið frá 2012 sýnir byggingareit og staðsetningu á núverandi bráðabrigða tjaldskemmu.



Fyrirspurn

Spurt er hvort það þurfi byggingaleyfi og samþykkt deiliskipulag til þess að reisa tjaldhýsi sem nota á fyrir kalt geymslurými. Samkvæmt teikningum er um að ræða tæplega 180 m² og 5 metra háa byggingu.



Umsögn

Tjaldhýsi sem nota skal í atvinnustarfsemi er undanþegin byggingarheimild og leyfi en skal tilkynna til leyfisveitenda. Ef það skal tengja lagnir við tjaldhýsið þá þarf byggingaleyfi. Tjaldhýsið skal staðsetja innan byggingareits sem er afmarkaður á gildandi deiliskipulagi. Hafnarstjórn þarf að veita samþykki fyrir breytingu á skipulagi hafnarsvæða og mannvirkjagerð. Því þarf að senda umsóknir um breytingu á deiliskipulagi og uppbyggingu mannvirkja á hafnarsvæðum til skipulagsfulltrúa Faxaflóahafna, sem ber það undir Hafnarstjórn, áður en send er umsókn til sveitarfélagsins.

Niðurstaða

Ekki þarf byggingarleyfi til þess að reisa tímabundið tjaldhýsi í atvinnustarfsemi (sé það án lagna) en það þarf að vera heimild fyrir því í deiliskipulagi og tilkynna til Byggingafulltrúa Reykjavíkurborgar að veittu samþykki frá skipulagsfulltrúa Faxaflóahafna.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir